



## FÉLAGSMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Hafnarhúsinu við Tryggvagötu 150 Reykjavík

sími: 545 8100 bréfasími: 552 4804

netfang: postur@fel.stjr.is

www.felagsmalaraduneyti.is

### *Fréttatilkynning*

Nr.: 15/2007

Efni: **Tilraunaverkefni um öndunarvélaþjónustu**

Ríkisstjórnin hefur ákveðið að koma á tilraunaverkefni til tveggja ára um svonefnda notendastýrða þjónustu sem mun taka til fjögurra til sex einstaklinga sem þurfa á öndunarvélaþjónustu að halda vegna sjúkdóma eða slysa. Þjónustan gerir þeim kleift að fara ferða sinna og taka virkan þátt í samfélaginu með hjálp aðstoðarmanna í stað þess að vera bundnir öndunarvél á hjúkrunarstofnun.

Félagsmálaráðherra og heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra tilkynntu um ákvörðun ríkisstjórnarinnar á ráðstefnunni *mótum framtíð* um félagslega þjónustu á Nordica hotel í dag.

Ákvörðunin byggist á tillögum nefndar um notendastýrða þjónustu sem starfar á vegum félagsmálaráðuneytisins.

Þessi tilhögun tíðkast orðið nokkuð í nágrenni okkar, einkum á Norðurlöndunum, og er upprunnin í Danmörku.

Þjónustan verður einkum veitt á vettvangi félagsmálaráðuneytisins en heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið annast fræðslu og þjálfun starfsfólks og útvegar nauðsynlegan tækjabúnað.

„Þetta varðar sjálfræði, lífsgæði og mannlega reisu og er kærkomin viðbót við þá fjölbreyttu þjónustu sem veitt er þeim sem búa við fötlun hér á landi“, sagði Magnús Stefánsson félagsmálaráðherra.

„Þetta er stórkostlegur áfangi í því að veita tilteknum hópi einstaklinga tækifæri til að búa áfram heima en ekki á stofnun“, sagði Siv Friðleifsdóttir, heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra.

Evald Krog, formaður Muskelsvindfonden í Danmörku, og Guðjón Sigurðsson, formaður MND-félagsins, eru staddir á ráðstefnunni en þeir hafa báðir verið ötulir talsmenn þess að framangreind þjónusta yrði veitt hér á landi.

Reykjavík 29. mars 2007

